



**ÞEKKINGARSETUR**  
**VESTMANNAEYJA**  
rannsóknir - menntun - nýsköpun

24.11.2014

Rannsóknna- og fræðastarf í Eyjum

1994-2014

Ársfundur rannsókna og fræða  
á Suðurlandi



**HASKOLI ÍSLANDS**  
**VESTMANNAEYJUM**



100  
HASKOLI ÍSLANDS  
VESTMANNAEYJUM  
HASKOLI ÍSLANDS  
VESTMANNAEYJUM

# *Fyrsta stjórnin*



## *Fornleg opnun 14. október 1994.*

### Hlutverk


Að stuðla að samvinnu við sérfræðinga og nemendur sem vinna að verkefnum tengdum Vestmannaeyjum og Suðurlandi

Að sinna rannsóknum og þróun á breiðu sviði sjávarútvegs í samvinnu við atvinnulífið í Eyjum


Að sinna rannsóknum á náttúru Vestmannaeyja og Suðurlands

Að vera miðstöð rannsókna, háskólanáms og símenntunar í Vestmannaeyjum

*Setrið í Vestmannaeyjum var fyrsta Setur Háskóla Íslands á landsbyggðinni og því má segja að hér hafi verið um frumkvöðla starf að ræða sem síðan hefur orðið fyrirmynd annarra Setra.*



*Á fyrstu starfsárunum samanstóð Setrið af þremur rannsóknartengdum stofnunum með fimm líffræði og matvælafræði menntuðum starfsmönnum að forstöðumanni meðtöldum.*



## Athafnaver, fjarnám og símenntun

Árið 1998 opnaði Setrið svokallað „Athafnaver“ fyrir ungt fólk í Vestmannaeyjum.

Athafnaverið var hugsað sem einskona nýsköpunarmiðstöð fyrir ungt fólk og útbúið með 15 öflugum nettengdum tölvum.

Á þessum tíma var tölvueign í Vestmannaeyjum ekki eins almenn og hún er í dag og var eitt af markmiðum Athafnversins að jafna aðgengi skólabarna í Vestmannaeyjum við það sem gerðist á höfuðborgarsvæðinu.



ATHAFNAVER  
VESTMANNAEYJA

INTERNETIÐ



FJÖLDI FORRITA



STA FRÆN MYNDVINNSLA  
FJARFUNDARBÚNAÐUR  
HÖPVERKEFNI  
AÐSTÖÐ  
LEIKIR

MÖRG SPENNANDI  
VERKEFNI FRAMUNDAN

VERÐUR ÞÚ MEÐ?

UPPLÝSINGAR ERU BEFNAR Í ATHAFNAVERINU SKÓLAVÆÐI Í Sími 481-9007

18. apríl 1998 | Landsbyggðin | 637 orð

Samstarfsverkefni um athafnaver fyrir unga fólkið í Vestmannaeyjum

## Vinnubrögð verði sjálfstæðari og frumkvæði aukið

Vestmannaeyjum-Athafnaver unga fólksins, öflugt tölvuver, var opnað í Eyjum fyrir skömmu. Athafnaveríð er samstarfsverkefni Vestmannaeyjabæjar, Þróunarfélags Vestmannaeyja, Háskóla Íslands og Framhaldsskólans í Eyjum og er markmið þess að efla og virkja sköpunargáfu og krafta ungs fólks í Vestmannaeyjum.

Samstarfsverkefni um athafnaver fyrir unga fólkið í Vestmannaeyjum

### Vinnubrögð verði

sjálfstæðari og

frumkvæði aukið

Vestmannaeyjum - Athafnaver unga fólksins, öflugt tölvuver, var opnað í Eyjum fyrir skömmu. Athafnaveríð er samstarfsverkefni Vestmannaeyjabæjar, Þróunarfélags Vestmannaeyja, Háskóla Íslands og Framhaldsskólans í Eyjum og er markmið þess að efla og virkja sköpunargáfu og krafta ungs fólks í Vestmannaeyjum.

Athafnaverinu er ætlað að stuðla að eflingu eigin frumkvæðis og sjálfstæðum vinnubrögðum hjá ungu fólki. Þá er stefnt að því að Athafnaveríð aðstoði við að koma á fót vinnuhópum eða smærri fyrirtækjum til að vinna að ákveðnum verkefnum. Athafnaveríð er mjög vel búið tölvubúnaði en leigusamningur var gerður milli þess og Nýherja hf. um tölvubúnað frá IBM og Tulin til notkunar í Athafnaverinu. Þá var gerður hiðnustusamningur við Tölvun ehf. um Netíð og hiðnustu við Athafnaveríð.

2001

Starfsmenntaátak í samstarfi við  
Svæðisvinnumiðlun Suðurlands.

Markmið að gera þátttakendur betur hæfa  
til að sækja um störf, takast á við ný  
verkefni, auka sjálfstraust og bæta við  
þekkingu þeirra.





Árið 2003 kom setrið að stofnun Visku fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja og starfar miðstöðin innan þekkingarsamfélagsins í Eyjum.

Viska tók yfir samninga Setursins við Háskóla Akureyrar um fjarnámskennslu ásamt öðrum verkefnum sem voru á sviði fjarnáms, fræðslu- og símenntunar.

1998

Fjarfundir  
þróunarfélaga

1999

Nám við HÍ í  
íslensku

- Fullorðinsfr. og endurmenntun

2000

Nám við HÍ í  
íslensku og  
**ferðamálafræði**

2001

Nám við HÍ í  
íslensku og  
ferðamálafræði

**Nám við HA í  
rekstrarfræði**

**Kennt frá Eyjum  
til Selfoss**

2002

Nám við HÍ í  
íslensku og  
ferðamálafræði

**Nám við HA í  
rekstrarfræði**

**Nám við HA í  
hjúkrunarfræði**

2003

**Viska**  
**Fræðslu- og**  
**símenntunarm**  
**stofnuð**

**Þróun fjarnáms í Eyjum**





**Kennslutengd rannsóknarverkefni**



...NG SCIENTISTS





„The Jason Project, Journey from the Center of the Earth.“



Rannsóknartengt  
nám á háskólastigi

Nemendahópar  
frá hinum ýmsu  
háskólum  
heimsækja  
Eyjarnar



# Alþjóðlegt námsverkefni atferli háhyrninga við Vestmannaeyjar










## Rannsóknir

„Viðkomubrestur lunda  
og sandsílis við  
Vestmannaeyjar“

Áhersla á samstarf



A group of four people are conducting a field experiment in a grassy field. One person in a blue jacket is kneeling and holding a black cable connected to a device in a black case. Another person in a blue jacket is kneeling and wearing a black visor, holding the other end of the cable. A third person in a grey jacket is leaning over a metal frame, possibly adjusting a sensor. A fourth person in an orange jacket is standing in the background. The scene is outdoors with rolling green hills in the background.

**Náttúrustofa Suðurlands  
Rannsóknir á lunda**

Fræða- og þekkingarsetur

## **Hluti af vísindasamfélaginu**

Mikil samkeppni er um það fjármagn sem veitt er til rannsókna á Íslandi.

Gildir einu hvort um ræðir, grunnrannsóknir, vöktun á líffræðilegum ferlum og dýrastofnum, hagnýtar rannsóknir, nýsköpunar og þróunarverkefni eða alþjóðleg samstarfsverkefni.

Aðeins 20% þeirra fjárframlaga sem fara til vísinda og nýsköpunar fara í samkeppnissjóði. Þetta þýðir að lang stærsti hlutinn fer sem föst fjárveiting beint til stofnanna.

Stefna Vísinda- og tækniráðs (2013-2016) er að:

auka fjármagn til samkeppnissjóða

vinna að samþættingu

og jafnvel sameiningu rannsóknarstofnanna.





Það er mikilvægt að hámarka nýtingu þess fjármagns sem ráðstafað er til vísinda- og fræðastarfs í landinu en þær aðgerðir sem ráðast þarf í mega þó ekki koma niður á þeirri jákvæðu byggðapróun sem uppbygging fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni hefur stuðlað að.

## Fyrir litlar rannsóknareiningar á landsbyggðinni fylgja þessu bæði ógnanir og tækifæri

S

Fjölbreytt starfsemi

Samlegðaráhrif

Samstarf milli stofnana

V

Fámennar starfseiningar

Ófullnægjandi aðstaða

Óhagstæðar rekstrar-einingar

Ó

Ótraustur fjármagns-grunnur

Samkeppni um fjármagn og vinnuafli

Fagleg einangrun

T

Samnýting um aðstöðu og samstarf um verkefni

Nálægð við atvinnulífið og mikilvægar náttúruauðlindir

Setur viðurkennd sem lykilorð í jákvæðri byggðapróun



## Hlutverk í byggðapróun

Háskóla- og þekkingarsetur á landsbyggðinni hafa sannað gildi sitt sem „verkfæri“ til að stuðla að jákvæðri landsbyggðapróun

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2010 um atvinnu og byggðapróun er tekið fram að efla þurfi starfsemi þekkingarsetra á landsbyggðinni og gera Setrin að „þungamiðju atvinnusóknar“ .

## Opinberum störfum fer fækkandi á landsbyggðinni

Þrátt fyrir að almennur skilningur sé á mikilvægi þess að byggja upp með virkum hætti þekkingarsamfélag á landsbyggðinni hefur störfum utan höfuðborgarsvæðisins á vegum ríkisins farið fækkandi (Suðurnesin og Árborg talin innan höfuðborgarsvæðisins).

Þetta gerist samhliða því að ársverkum ríkisins fjölgar yfir landið allt.



Árið 2009 voru um 190 Setur starfandi á landsbyggðinni og fjöldi starfsmanna nálgast nú 1000.

## **Staðbundin áhrif Setursins í Vestmannaeyjum**

Bein og óbein áhrif eru m.a. aukið framboð af menntuðu vinnuafli, hækkað menntastig innan svæðisins, efnahagsleg áhrif í formi aukinnar veltu, afrakstur verkefna sem leiða til aukinna lífsgæða og hagræðing í vinnslu og nýsköpun.

ÞEKKING BEISLUÐ

NÝSKÖPUNARBÓK

Afmælisrit til heiðurs

Þorsteini Inga Sigfússyni, prófessor og forstjóra

Rannsókn- og fræðasetur í Eyjum

Páll Marvin Jónsson, framkvæmdastjóri ÞSV

*„Vestmannaeyjar eru um margt einstakar.*

*Hinar ýmsu fræðigreinar hafa sótt efnivið í tilgátur og kenningar til náttúru Eyjanna og umhverfi þeirra. Jarðfræðin og myndun Eyjanna er sérstök og áhugaverð, gnægtaborð hafsins liggur umhverfis Eyjarnar og mannlíf þeirra er fjölskrúðugt og hefur getið af sér einstaklinga sem hafa gætt tilverunni lit í gegnum listir, sköpun, fróðleik og vísindi. Það er því kannski vel við hæfi að í Vestmannaeyjum hafi eitt fyrsta fræðasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni orðið að veruleika.“*

*Páll Marvin Jónsson – Þekking beisluð*